

dóminum. Áfrýjandanum, Arnljóti Olafssyni, ber að greiða hinum stefnda, Jóni Hallssyni, 6 krónur í kost og tæringu, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. septembermán.

Nr. 44/1887.

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta, sem höfðað hefur verið gegn hinum ákærða fyrir að hafa brotið gegn 158. grein hegningarlaganna, var dæmt í aukarjetti Sudur-Múlasýslu 27. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn ákærði, Guðmundur Jónsson, var dæmdur í 10 króna sekt til landsjóðs, eða einfalt fangelsi í 3 daga, yrði sektin ekki greidd í ákveðinn tíma, svo og til að lúka málskostnaði.

Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Það er í málinu löglega sannað, að hinn ákærði, Guðmundur Jónsson, kom talsvert drukkinn inn í frikirkju Reyðfirðinga á jóladaginn 1886, og truflaði guðspjónustugjörðina með því, að tala fram í ræðu prestsins, án þess þó að hann hefði nein ósæmileg eða hneyxlanleg orð um munn, og fór hann viljugur út úr kirkjunni, þegar honum var sagt það.

Þetta athæfi hins ákærða á undir 158. grein hegningarlaganna, og virðist eptir málavöxtum hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 2 króna sekt, er renni í landsjóð, eða ef sektin ekki er öll greidd

í ákveðinn tíma, 2 daga einfalt fangelsi. — Um málskostnað skal hjeradsdómnum óraskað. Svo ber og hinum ákærða að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, er ákveðast 8 krónur til hvors.

Að vísu hefur hjeradsdómariinn nefnt mál þetta: »Hið opinbera gegn Guðmundi Jónssyni«, en með því hann að öllu leyti öðru hefur farið með málið sem sakamál, getur ekki verið ástæða til fyrir þá sök að ónýta meðferð málsins í hjerði, og að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guðmundur Jónsson, á að greiða 2 króna sekt í landsjóð, eða verði hún ekki greidd í ákveðinn tíma, sæta einföldu fangelsi í 2 daga. Um málskostnað í hjerði skal hjeradsdóminum óraskað. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 8 krónur til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.